

6. Full hitaveitugjöld skal greiða frá þeim tíma að umsókn hefur komið fram um aðild að hitaveitunni og umsækjandi á kost á tengingu heimæðar frá stofnað eða síðustu greiningu dreifiæðar.

**2. gr.**

Stofngjöld skulu vera sem hér segir:

1. Af hverjum dældum sekl. kr. 10 000.00.
2. Af íbúðarhúsum kr. 10.00 pr. m<sup>3</sup>.
3. Af iðnaðar- og verkstæðishúsum kr. 7.00 pr. m<sup>3</sup>.
4. Lágmarksgjald skal þó ekki vera minna en kr. 4 000.00.
5. Stofngjöld greiðast þegar umsækjandi á kost á tengingu heimæðar sbr. 3. gr.
6. málsliðs.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er af stjórnarnefnd Laugaráshéraðs staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur til að öðlast gildi frá 1. janúar 1968, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 127 25. apríl 1966, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42 11. marz 1964.

**1. gr.**

Gjöld til hafnarinnar samkvæmt 23. gr., 25. gr., 26. gr. og 32. gr. reglugerðarinnar hækki um 20% frá því er greinir í fyrstnefndri reglugerð nr. 127/1966.

**2. gr.**

2. málsgrein a- liðs 25. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:  
Undanþegin bryggjugjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip og skemmtiferðaskip.

**3. gr.**

43. grein reglugerðarinnar orðist þannig:  
Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við, samkvæmt almennum lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*